

11

2. júní

2. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 5 1928 um sýning innkaupsreikninga og ákvæði 2. gr. sömu laga og gildandi reglugerð um verðtoll gilda einnig um gjald og innheimtu samkvæmt 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um þetta gjald, og má þá þar ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum laganna eða reglugerðarinnar.

3. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi allar þær undanþágur frá verðtolti, sem veittar hafa verið að undanfögnu, nema fyrir hráefni eða efnivörur, vélar og áhöld, sem eingöngu er notað til innlendrar framleiðslu.

4. gr.

Ef óeðlilega lágt eða grunsamlegt verð er gefið upp á innfluttri verðtollskyldri vöru, er tollheimtumanni rétt að ákveða sanngjarnt verð á þeirri vöru til verðtollsákvörðunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1934.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 2. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

12

3. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir 1. lið í 1. gr. laganna komi:

1. a. Af allskonar öli kr. 0,80 af hverjum lítra.
- b. Af límonaði og öðrum samskonar óáfengnum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,30 af hverjum lítra.

Fyrir 8. og 9. lið í 1. gr. laganna komi:

8. a. Af óbrenndu kaffi allskonar kr. 0,60 af hverju kg.
b. Af brenndu kaffi allskonar kr. 0,80 af hverju kg.
9. Af kaffibæti allskonar kr. 1,60 af hverju kg.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 3. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

L Ö G

um gengisviðauka og tekju- og eignarskattsauka.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,

Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1934 að innheimta með 25% gengisviðauka tolla af allskonar áfengum drykkjum (sbr. 2., 3., og 4. tölulið 1. gr. laga nr. 41 27. júní 1921), gosdrykkjum allskonar, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, sóðavatni, kaffi, brenndu og óbrenndu, sykri og sírópi, tegrasi, súkkulaði og kakaódufti, svo og af vitagjaldi, þannig að hver toll- og gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast ½ eyrir eða herra brot sem heill eyrir, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

Eftir 1. okt. 1933 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta aukreitis tekju- og eignarskatt fyrir árið 1933, sem nemur 40% af skattinum það ár samkvæmt áður gildandi lögum. Þó skal eigi innheimta lægri upphæð en 5 krónur hjá gjaldanda.